

Lærum af fortíð og framtíð - Spurningar

Einstaklings
Kjarni 2A

- Hvaða ár fæddist þú?
- Hvar bjóstu (í borg/þorpi/sveitabæ)?
- Hvernig var húsnæðið sem þú ólst upp í?
- Hvaðan kom hiti í húsið? En rafmagnið? Hvernig var það framleitt og hvaðan kom það?
- Hvernig var maturinn sem þú borðaðir? Hvar og hvernig nálgaðistu matinn sem þú borðaðir? Hvernig voru umbúðirnar utan um matinn?
- Hvernig voru fötin sem þú varst í? Hvaðan komu þau? Hversu oft fékkstu ný föt? Hvað entust þau lengi?
- Hvernig fórstu leiðar þinnar, t.d. í skóla eða annað? Fórstu í frí eitthvert? Ef já, með hvaða hætti fórstu þangað?
- Gekkstu í skóla? Hvaða möguleika áttirðu til menntunar?
- Hafðirðu möguleika á að stunda áhugamál? Ef já, hvaða áhugamál?
- Hversu mikill jöfnuður var í samfélaginu? Var auðvelt fyrir þig að hafa áhrif, t.d. innan heimilis, skóla eða samfélagsins sem þú bjóst í?
- Hver var staðan á jörðinni almennt? Hversu mikil mengun var? Hvaða umhverfismál var talað um?
- Spurning að eigin vali, hvað fleira viltu vita?

Lærum af fortíð og framtíð

Barnabarnið þitt

Einstaklings
Kjarni 2C

- Ímyndaðu þér að nú sé árið 2080. Þú ert að taka viðtal við barnabarnið þitt. Þú notar sömu spurningar og í fyrri tveimur hlutunum og þú semur svörin. Passaðu að svörin sýni fram á að samfélagið hafi breyst til hins betra hvað varðar umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og tengd málefni. Notaðu svörin frá ömmu og afa og þín eigin svör til að hjálpa þér.
- Hvað hefur breyst mest á þessum tíma?
- Hvað hefur valdið þessum breytingum?
- Er eitthvað sem við getum lært og nýtt af daglegu lífi á tímum ömmu og afa?
- Ef þú gætir breytt einhverju af þessu fyrir barnabarnið þitt til hins betra, hvað myndi það vera?

Afurð:

**Auka síða á heimasíðunni
þinni (með myndum) -
Myndband eða hlaðvarp**

VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

[] Ég get gert mér grein fyrir stöðu samfélagsins varðandi umhverfismál og séð fyrir mér þróun þeirra.
[] Ég get sett fram mína sýn á framtíðina á skipulegan og rökréttan hátt.

HÆFNIVIÐMIÐ:

Að nemandi:

[] Geti gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.
[] Geti unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.